



## Proskapjálfafélag Íslands

15. janúar 2018

Velferðarnefnd Alþingis

### Breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga Umsögn Proskapjálfafélags Íslands

Mun minni breytingar eru á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga en félagið vænti. Skortir á ákveðinni stefnumótun innan félagsþjónustunnar er áberandi og breytingar á þessum lögum gerðar svo þær samræmist frumvarpi til laga um þjónustu við fatlað fólk með sértækar stuðningsþarfir.

Þí fagnar þeirri breytingu sem orðið hefur á 18. gr. þar sem hnykk er á þeim fagstéttum sem skal starfa innan félagsþjónustunnar þegar þörf er á. Teymisvinna innan félagsþjónustunnar er mikilvæg þar sem fjölbreytileiki samfélagsins þarf að endurspeglast í menntun fagfólks innan sveitarfélaga.

Þí vill hnykkja á að gæði þjónustunnar ræðst af skipulagi hennar, stýringu og framkvæmd. Proskapjálfar eru eina fagstéttin sem sérstaklega hefur menntað sig til þess að starfa með fólki með fötlun og hafa víðtæka og hagnýta þekkingu á sviði stefnumótunar, skipulags og framkvæmdar heildrænnar þjónustu og hins vegar einstaklingsmiðaða þjónustu, óháð aldri og aðstæðum fólks. Proskapjálfafélag Íslands telur að hlutfall fagmenntaðra starfsmanna haldist í hendur við gæði þjónustunnar sem verið er að veita.

Proskapjálfafélag Íslands áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir við velferðarnefnd.

Virðingarfyllt,

f. h. Proskapjálfafélags Íslands

Laufey Elísabet Gissurardóttir, formaður.

Anna Lilja Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri